



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldin í húsnæði Þyts þann 9. Ágúst 2022.

Fundur hófst: 20:00

Fundi slitið: 22:15

Fundinn sátu: Markús, Arnar, Daníel, Berglind og Rán

Funargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

- a. Fundargerðin frá 21. Júní samþykkt.

2. Batti og kaup á bátum og búnaði

- a. Gámurinn átti að koma í dag en kom ekki. Leyfi er komið um að setja hann við hliðina á hinum tveimur gámunum fyrir utan girðingu.
- b. Mastur á Wayfairer - samþykkt að festa kaup á mastri á Wayfairerinn sem vantar mastur á þar sem hagkvæmt er að taka það með í gáminn sem von er á. Verð á mastriinu er 350.000,-

3. Samstarfið við vinnuskólann og framkvæmdin í sumar

- a. Framkvæmdin í sumar gekk ljómandi vel og var lítið um vandamál. Atriði sem komu upp var stutt viðkoma flokkstjóra svo að Markús endaði að sinna því einn. Að auki kom upp eitt mál varðandi starfsmann á námskeiðinu og var hann sendur heim í viku í samráði við vinnuskólann og fékk svo að vinna í 2 daga við frágangi.
- b. Þrír drengir komu á vegum Klettsins og unnu hjá Þyt og komu þeir með stuðning fyrstu vikuna en þegar leið á aðra vikuna reyndist óþarfi að senda stuðning með þeim. Þeir stóðu sig mjög vel sem starfsmenn og voru einnig farnir að sigla sjálfstætt.

4. Skil á fjárhagsáætlun til Hafnarfjarðar

- a. Markús og Helga eru með þetta mál en skila þarf fyrir 15. september.

5. Norðurlandamótið og Íslandsmótið

- a. Norðurlandamótið var mikill skóli fyrir krakkana og stóðu krakkarnir sig mjög vel og gekk vonum framar. Góð tengsl mynduðust á mótinu og samstarfsleiðir opnuðust í sambandi við æfingabúðir.
- b. Framkvæmdin á Íslandsmótinu hjá Þyt gekk ágætlega, en það vantaði fleiri félagsmenn úr okkar röðum til að aðstoða. Það gekk mjög vel hjá okkar keppendum bæði í optimist og laser.
- c. Við eigum 4 iðkendur í landsliðshóp og Markús vill koma inn einum enn frá okkur en smáþjóðaleikarnir verða haldnir 29. Maí 2023.

6. Æfingar fyrir 6 til 8 ára og 8 til 10 ára

- a. Hugmynd frá Markúsi um að hafa samband við þá sem sjá um tólmstunda- og félagsmálafræði og/ eða íþróttakennaranámið til að kynna hugmyndina um að nemendur



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

á þeim sviðum geti búið til prógram fyrir þessa aldurshópa hjá Þyt og nýtt það sem verkefni í námi sínu og hluta af námsmati.

7. Æfingar fyrir einstaklinga með sérþarfir

- Sama hugmynd og hér að ofan með að hafa samband við tómsstunda- og félagsmálafræði/ íþróttakennaranám í Háskólunum og spurning um hvort það sé hægt að samtvinna þetta tvennt.
- Einnig vill Markús byrja æfingar hjá þeim sem voru að æfa hjá okkur í fyrra í æfingahóp.
- Möguleiki á að fá styrki frá höfninni til að kaupa galla fyrir krakka með sérþarfir og þannig er hægt að framlengja tímann sem þau geta siglt inn í veturinn.

8. Ráðning þjálfara fyrir næsta ár.

- Það er nauðsynlegt að finna þjálfara sem allra fyrst. Líklegt að leita þurfi út fyrir landsteinna til að finna hæfan þjálfara og ennþá spurning um aðkomu SÍL að því.

9. Samstarfið við Klettinn, sérdeildir Setbergsskóla og Hraunavallaskóla og styrkir til búnaðarkaupa

- Útlit er fyrir að það verði 3 hópar einstaklinga með sérþarfir næsta vetur frá 3 skólum í Hafnarfirði (Setbergs-, Hraunvalla- og Lækjaskóla).

10. Fundur með hafnarstjóra, formanni hafnarstjórnar og formanni bæjarráðs vegna aðstöðumála

- Óska þarf eftir samráðsvettvangi til að ræða um nýja aðstöðu Þyts á nýjum stað vegna skipulagsbreytinganna á Hafnarvæðinu og koma þannig samtalinu af stað.

11. Rekstrarsamningur og þjónustusamningur við hafnarfjarðarbæ

- Það þarf að taka upp umræður um það á fyrirhuguðum fundi við formann bæjarstjórnar og Kristínu í hafnarstjórn

12. Suzuki mótorinn

- Kominn til landsins og þarf að sækja. Einnig þarf að fara í í viðgerðir á pulsunni á öryggisbátinum.

13. Uppstilling stjórnar fyrir næsta kjörtímabil

- Arnar dettur út vegna breyttra aðstæðna og Berglind einnig.

14. Staðan á foreldraráðinu og fjáraflanir

- Það datt einn iðkandi út þar sem foreldri átti að vera í foreldarráði og annað foreldri mætti ekki. Foreldraráðið er því ekki virkt.

15. Viðhaldsverkefni sem þarf að sinna á komandi mánuðum

- Umræðum frestað til næsta fundar

16. Önnur mál

- Kaup á tveim SUP brettum og auglýsingar - María kynnti kaup á brettum og ætlar að senda okkur tilboð.
- Í sumar hafa fáir fullorðnir komnir í klúbbinn á opnum húsum og Berglind ætlar að taka að sér að sjá um kynningarmál á samfélagsmiðlum.